


ANTIKA EHF 2025

# Sólbrekka

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Hermann Jakob Hjartarson





**Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.**

Forsíðumynd: Fjárhús [3495-804]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Hermann Jakob Hjartarson

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

[www.antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-76-5

Verkefnanúmer MÍ: 3495

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundi nema að annað sé tekið fram

© Antikva ehf. og Hermann Jakob Hjartarson

## Efnisyfirlit

|                                               |    |
|-----------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                               | 6  |
| Fornleifaskráning .....                       | 7  |
| Skráningarsvæðið .....                        | 7  |
| Tilgangur fornleifaskráningar .....           | 8  |
| Fornleifaskráning og aðferðir .....           | 11 |
| Minjanúmer .....                              | 11 |
| Staðsetning.....                              | 12 |
| Tegund, hlutverk og heiti.....                | 12 |
| Staðhættir og lýsing .....                    | 12 |
| Hættumat .....                                | 12 |
| Mótvægisáðgerðir .....                        | 13 |
| Fornleifar á svæðinu.....                     | 14 |
| Hnaus [37] .....                              | 14 |
| Minjar á svæðinu.....                         | 15 |
| Fjárhús [3495-803] tóft.....                  | 15 |
| Fjárhús [3495-804] og [3495-805] tóftir ..... | 17 |
| Leið [3495-806] gata .....                    | 20 |
| Leið [3495-807] gata .....                    | 21 |
| Leið [3495-808] gata .....                    | 21 |
| Leið [3495-809] gata .....                    | 23 |

|                                 |    |
|---------------------------------|----|
| Óþekkt [3495-810] heimild ..... | 23 |
| Samantekt og niðurstöður.....   | 25 |
| Heimildir .....                 | 26 |
| Fylgigögn .....                 | 27 |
| Fornleifaskrá.....              | 27 |
| Kort.....                       | 27 |

## Myndaskrá

|                                                                                    |    |
|------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands..... | 10 |
| Mynd 2. Tóft [3495-803]. .....                                                     | 15 |
| Mynd 3. Fjárhústóft [3495-804].....                                                | 17 |
| Mynd 4. Tóft [3495-805]. .....                                                     | 18 |
| Mynd 5. Leið [3495-806]. .....                                                     | 19 |
| Mynd 6. Leið [3495-808]. .....                                                     | 21 |
| Mynd 7. Leið [3495-809]. .....                                                     | 22 |
| Mynd 8. Svæðið þar sem minjar [3495-810] eiga að hafa verið.....                   | 24 |

## Kortaskrá

|                                                              |   |
|--------------------------------------------------------------|---|
| Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu. .... | 2 |
| Kort 2. Skráningarsvæðið.....                                | 7 |

---

|                                                           |    |
|-----------------------------------------------------------|----|
| Kort 3. Fornleifar á og við skráningarsvæðið. ....        | 14 |
| Kort 4. Tóft [3495-803].....                              | 16 |
| Kort 5. Tóftir [3495-804] og [3495-805]. ....             | 19 |
| Kort 6. Leið [3495-806] liggur í gegnum byggingareit..... | 20 |
| Kort 7. Leiðir [3495-808] og [3495-807].....              | 22 |
| Kort 8. Leið [3495-809] er utan við skráningarsvæðið..... | 23 |

## Inngangur

Að beiðni Odds Hermannssonar landslagsarkitekt hjá Landformi, fyrir hönd landeigenda, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiluskipulags jarðarinnar Sólbrekku (L213875), áður Hnauss land 4. Skráningin fékk verknúmerið 3495 hjá Minjastofnun Íslands.

Alls voru skráðar átta minjar í og við skráningarsvæðið.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Teknar voru ljósmyndir af minjunum.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir stafrænn hnitagrunnur.




## Fornleifaskráning

Áður hefur farið fram fornleifaskráning á jörðinni í tengslum við aðalskráningu fornleifa í Flóahreppi árið 2018.<sup>1</sup> Sú skráning var á vegum Fornleifastofnunnar Íslands. Stuðst er við hana í þessari skýrslu. Fjórar fornleifar sem þá voru skráðar eru innan skráningarsvæðisins eða við jaðra þess.

## Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið er öll jörðin Sólbrekka í Flóahreppi (landnúmer L213875) sem áður hét Hnaus (land 4). Landið á að nýta sem lögbýli auk þess sem þar á að vera atvinnustarfsemi, gróður- og grænmetisræktun. Landið er 50,1 ha.



Kort 2. Skráningarsvæðið.

<sup>1</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018

## Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“



Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

|                   |                                |
|-------------------|--------------------------------|
| Id                | 601                            |
| Name              | sel                            |
| Class             | Arkeologiska object            |
| eldra_minj_id     | ekki skráð áður                |
| minj_id           | 3457-601                       |
| verkefna nr       | 3457                           |
| sérheiti          | Kárasel                        |
| bæjarnafn         | Litla-Heiði                    |
| jarðatal Johnsen  | 223                            |
| minjaflokkur      | selsminjar                     |
| tegund            | <None>                         |
| efni              | torf og qrjót                  |
| verndun           | friðað                         |
| lengd             | 4.4 meter                      |
| breidd            | 3.2 meter                      |
| veggjahæð frá     | 0.4 m                          |
| veggjahæð til     | 0.8 m                          |
| breidd veggjar    | 1 m                            |
| umhverfi          | gras- og mólendi               |
| Svæði             | <None>                         |
| Túnakort          | nei                            |
| aldur frá         | 1000                           |
| aldur til         | 1750                           |
| skráning          | RT-RKT-HJH                     |
| Mæling            | uppmæling                      |
| heimsótt          | 01.07.2025                     |
| Horfin            | nei                            |
| horfin_astæða     | <None>                         |
| hættumat          | <None>                         |
| hættuorsök        | <None>                         |
| hætta v. tilefnis | vegna skógræktar               |
| ástand            | greinanlegar                   |
| minjagildi        | mikið                          |
| verkefni          | Fornleifaskráning v/skógræktar |
| Sveitarf          | Mýrdalshreppur                 |
| Hlutverk          | sel                            |

Mynd 1. Skráningarform á Suðurlandi sem fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum

breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlögd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Hnaus [37] og er vísað til jarðarinnar með númeri úr *Jarðatali* Johnsens frá árinu 1847. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Teknar voru ljósmyndir og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

### Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer

skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Suðurlandi.

### **Staðsetning**

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Suðurlands. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis fjárhús [3495-804].

### **Tegund, hlutverk og heiti**

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis óþekktar minjar. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

### **Staðhættir og lýsing**

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

### **Hættumat**

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti

glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Hætta vegna tilefnis þýðir að fornleifum stafi hætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda, svo sem við skógrækt eða nýbyggingar.


Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hefur ein fornleif horfið eða sést ekki á yfirborði og er því eingöngu þekkt af heimildum.

### **Mótvægisáðgerðir**

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.



## Fornleifar á svæðinu



Kort 3. Fornleifar á og við skráningarsvæðið.

## Hnaus [37]

Ekki var gerð krafa af Minjastofnun um að farið í heimildarvinnu og að saga staðarins yrði skoðuð aftur, þar sem það hafði verið gert í fyrri skýrslu. Í henni stendur meðal annars um Hnaus:

*1708, jarðardýrleiki óviss, Skálholtsstólseign. JÁM II, 177. 1847, 17 2/3 hdr., bændaeign. JJ, 55. "Hnaus er nú í hópi margra eyðijarða í Villingaholtsherppi. Ábúenda skipti voru þar tíð eftir 1940 og þar til jörðin fór í eyði." Ö-Hnaus, aths., 1. 1981: "Hnaus var í eyði frá 1962. ...Jörðin var samþykkt af Landnámsstjóra til endurbyggingar 29. apríl 1981. Rafmagnsleysi stendur ábúð nú fyrir þrifum." SB II, 82. 1708: "Fóðrast kann víi kýr, i úngneyti, xii lömbb.*

*Rosnu fje og hestum er vogað einúngis á útigáng, sme hjer er í betra lagi. Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga mjög lök. Móskurður til eldiviðar hefur verið, brúkast ei. Skóg brúkar jörðin í almenníngi ut supra. Engjar þær einar, sem hent er undan peníngafótum í hagmýri. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum og so fyrir grafkeldum og lækjum. Vatnsból bregst um vetur og verður oft að því mein og nytbrestur.” JÁM II, 177. Búið er að skipta jörðinni í nokkra hluta, 71 íbúðarhús eru á þeim öllum en ekki er búskapur þar. Jörðin er nýtt til beitar og skógræktar.<sup>2</sup>*

## Minjar á svæðinu.

### Fjárhús [3495-803] tóft




Mynd 2. Tóft [3495-803].

<sup>2</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 71-72.



Illgreinanleg tóft sem er á brún áss sem horfir yfir dal þar fyrir neðan. Þýft er á svæðinu, en greina má tóft sem líklega er af fjárhúsi/beitarhúsi. Tóftin liggur austur-vestur og er opin til vesturs. Greina má tvö hólf í henni. Hún er 9 x 5 metrar að stærð og vegg hæð er um 0,2-0,5 m. Tóftin virðist meira sokkin og eldri en tóftir [804] og [805].



Kort 4. Tóft [3495-803].

**Fjárhús [3495-804] og [3495-805] tóftir****Mynd 3. Fjárhústóft [3495-804].**

Tóftir [3495-804] og [3495-805] liggja hlið við hlið. Minjarnar voru áður með númerið ÁR-037:033 (A og B). Þeim var lýst svo í skýrslunni frá 2018:

*Fjárhús 033 eru um 1,4 km norðaustan við bæ 001 og 520 metrum norðan við tóft 031. Þau liggja í suðaustur hliðum áss sem er sunnan við Fjárhúsásinn. Stórpýfður mói þar sem vex mikill mosi og gras og smávegis kjarrgróður. Hliðin sem fjárhúsin standa á er nokkuð flatlend en hallar þó lítillega til suðausturs. 0 10 metrar A II I Tóftir ÁR-037:033.*

*Minjasvæðið samanstendur af tveimur tóftum, A og B. Það er 33 x 24 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Tóft A er vestar. Hún er 13 x 7,5 m að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er opin til suðvesturs og er torfhláðin. Hæð veggja er 0,70 - 0,8 m að innan og 0,2 - 0,5 m að utan. Tóftin er tvískipt. Hólf I er sunnar. Það er langt og mjótt, 4,5 x 1,5 m að innanmáli. Hólf II er 3 x 3 m að innanmáli. Tóft B er 7 m austar. Hún er 21 x 12 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er opin til suðausturs og skiptist upp í fjögur hólf. Hólf I*



suðvestast. Það er 6 x 2 m að innanmáli og hæð veggja er 1 m að innan en 0,3 - 0,5 m að utan. Í suðaustur-enda hólfsins má greina 2 umför af steinum í veggnum. Hólf II norðvestan 82 við hólfi I. Það er 7 x 8 m að innanmáli og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Ógreinilegt op er frá hólfi II yfir í hólfi III í norðaustur horni þess. Hólf III er austan við hólfi II. Það er 4,5 x 2 m að innanmáli og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Opið er til suðurausturs frá hólfi III inn í hólfi IV, það er suðaustar. Hólf IV er 6 x 5 m að stærð og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Það er opið til suðausturs. Tóftin torfhlaðin að hluta, hólfi I var bæði torf- og grjóthlaðið. Það er ástæða þess að veggirnir eru hærri en hinna hólfa. Gæti verið seinni tíma viðbygging við eldri fjárhús.<sup>3</sup>

Tóft [3495-805] er að hluta til innan deiliskipulagssvæðisins en tóft [3495-804] erum 13 m fyrir utan það.



Mynd 4. Tóft [3495-805].





Kort 5. Tóftir [3495-804] og [3495-805].




Mynd 5. Leið [3495-806].

**Leið [3495-806] gata**

Leiðin hefur áður fengið númerið ÁR-037:035. Henni var lýst svo í skýrslu FSÍ:

*Leið sést liggja austan undir náttúrulegum ás, hún liggur norðaustur-suðvestur. Leiðin sést einna best fyrir miðjum ásnum en fjarar út í mýri til beggja enda. Ekki er vitað hvert hún lá en hún er ekki sýnd á gömlum kortum. Stórbýfður mói þar sem vex mikill mosi og gras og smávegis kjarrgróður er austan í holtinu en það er 2-5 m á hæð. Mýrin er framræst og deiglend. Fjölmargir paldrar sjást austan við ásin, norðaustarlega í landi Hnauss, nærri landamerkjum við Bitru og Kampholt. Ekki er ljóst hvert leiðin lá en hún sést illa á loftmynd og fjarar út í mýri nyrst í landi Hnauss. Leiðin liggur eftir rima, á mörkum móa og mýra. Paldrarnir eru 10-15 talsins og liggja fast undir ásnum. Þær eru 10-20 m á breidd og greinilega fjölfarnar. Paldrarnir eru grónir en viðhaldið af lausagönguhrossum. Mögulega var þetta leið að Bitru en ekki er ljóst hvar var farið yfir Mókeldu sem er á hreppamörkum. Leiðina er hægt að rekja á um 200 m löngum kafla.<sup>4</sup>*



**Kort 6. Leið [3495-806] liggur í gegnum byggingareit.**

<sup>4</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 83.



**Leið [3495-807] gata**

Leiðin er sýnileg á um 140 m kafla, hún liggur norður-suður. Ekki er ljóst hvert hún liggur og hún virðist hverfa á kafla. Mögulega er þetta framhald af leið [3495-806]. Leið [3495-807] mætir síðan leið [3495-808] á krossgötum.




Mynd 6. Leið [3495-808].

**Leið [3495-808] gata**

Leið [3495-808] liggur frá miðju skráningarsvæðinu og til norðvesturs út af því og var ekki elt lengra. Mæld leið er um 300 metrar. Hún mætir leið [3495-807] á krossgötum. Ekki er ljóst hvert leið [3495-808] liggur, en hún er ekki sýnd á gömlum kortum.





Kort 7. Leiðir [3495-808] og [3495-807].




Mynd 7. Leið [3495-809].



### Leið [3495-809] gata

Leiðin er rekjanleg upp á hæð sem þarna er. Hún er sýnilegust á um 140 m kafla en fjarar svo út; mögulega sameinast hún vegslóða sem þarna er. Ekki er ljóst hvert hún hefur legið en mögulega var þetta leiðin á milli Hnauss og Birtu.



**Kort 8.** Leið [3495-809] er utan við skráningarsvæðið.

### Óþekkt [3495-810] heimild

Minjarnar fengu áður númerið ÁR-037:020. Í skýrslunni frá 2018 segir:

*Við yfirferð loftmyndar frá 1950 sem er í eigu Soffíu Sigurðardóttur, heimildamanns, sést hringlaga tóft um 50 m vestan við tóft 007 og rúmum 1,4 km norðan við bæ 001. Tóftin líkist fjárborg á loftmyndinni en sést ekki á yfirborði nú. Hún er nærri Gilvaði 078:014, við landamerki Bitru ÁR-078 og Neistastaða ÁR-035. Ekki er vitað af hverju tóftin sést ekki á yfirborði. Þarna er smá þurr blettur milli tveggja holta að austan og vestan. Svæðið við*

*Mókeldu, sem er á hreppamörkum, er blautt og landið sígur þar niður. Tóftin var 77 í viki til suðurs en gæti hafa orðið undir sigi úr holtið þar. Þar er búið að plata öspum í þyrpingu. Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.<sup>5</sup>*

Staðurinn var skoðaður aftur og engin ummerki um fornleifar fundust heldur núna.



**Mynd 8. Svæðið þar sem minjar [3495-810] eiga að hafa verið.**

<sup>5</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 77-78.



## Samantekt og niðurstöður

Samtals voru skráðar átta fornleifar. Þar af eru sjö sýnilegar á vettvangi en ein er horfin og einungis þekkt af heimildum.

Helsta minjasvæðið er á suðvestanverðu skráningarsvæðinu. Þar eru þrjár tóftir [3495-803/804/805] sem líklega eru af fjárhúsum eða beitarhúsum. Ein þeirra [803] er alfarið innan skráningarsvæðisins og hluti af tóft [805] er einnig innan svæðisins. Tóft [804] er utan svæðis, en þó aðeins 13 m frá mörkunum. Þessar minjar hafa nokkurt minjagildi.

Einungis leið [3495-806] lendir innan byggingareits en hún er innan lóðar A. Leiðin hefur þó lítið minjagildi. Leiðir [3495-807/808] eru innan deiliskipulagssvæðisins en leið [3495-809] er rétt utan þess. Allar þessar leiðir hafa lítið minjagildi og hafa verið mældar upp.

Einnig var skráð heimild um tóft [3495-810] en ekki er lagt mat á minjagildið þar sem ekki sést til neinna minja þar lengur.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## Heimildir

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar* nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 23.09.25 af:  
<https://www.althingi.is/altext/140/s/0370.html>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj). Hrönn Konráðsdóttir, Jóna Haukdal Jónasson, Kristjana Vilhjálmisdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Gagnheiður Gló Gylfadóttir og Orri Vésteinsson (2018). *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi: Áfangaskýrsla IV*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

---

## Fylgigögn

### Fornleifaskrá

### Kort



ANTIKA EHF 2025

# Fornleifaskrá

## Sólbrekka

Hermann Jakob Hjartarson



|               |                 |                  |                  |                |                              |                |      |
|---------------|-----------------|------------------|------------------|----------------|------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-803        | Bæjarnafn        | Sólbrekka        | Gömul nr.      | ekki skráð áður              | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         | Fjárhúsás       | Sveitafélag      | Flóahreppur      | Dagur          | 19.09.2025                   | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | tóft            | Hlutverk         | fjárhús          | Flokkur        | búsetuminjar                 |                |      |
| Sérheiti      |                 | Verndun          | friðað           | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning |                |      |
| Ástand        | illgreinanlegar | Hættumat         | engin hætta      | Hættuorsök     |                              |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta     | Efni             | torf og grjót    | Aldur frá      | 1500                         | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |                 | Horfin           | nei              | Horfin ástæða  |                              |                |      |
| Lengd         | 9 m             | Breidd           | 5 m              | Hæð            |                              | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá | 0,2 m           | Veggjahæð til    | 0,5 m            | Breidd veggjar | 1 m                          |                |      |
| Mæling        | Uppmæling       | Túnakort         | nei              | Verkefna nr MÍ | 3495                         |                |      |
| Isnet E       | 415492          | Isnet N          | 383515           | Heimildir      |                              |                |      |
| Minjagildi    | Nokkurt         | Umhverfi         | gras- og mólendi |                |                              |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH             | Mótvægisaðgerðir |                  |                |                              |                |      |



Illgreinanleg tóft sem er á brún áss sem horfir yfir dal þar fyrir neðan. Þýft er á svæðinu, en greina má tóft sem líklega er af fjárhúsi/beitarhúsi. Tóftin liggur austur-vestur og er opin til vesturs. Greina má tvö hólf í henni. Hún er 9 x 5 metrar að stærð og veggghæð er um 0,2-0,5 m. Tóftin virðist meira sokkin og eldri en tóftir [804] og [805].

|               |                  |                  |               |                |                                                    |                |      |
|---------------|------------------|------------------|---------------|----------------|----------------------------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-804         | Bæjarnafn        | Sólbrekka     | Gömul nr.      | ÁR-037:033a                                        | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         | Fjárhúsás        | Sveitafélag      | Flóahreppur   | Dagur          | 19.09.2025                                         | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | tóft             | Hlutverk         | fjárhús       | Flokkur        | búsetuminjar                                       |                |      |
| Sérheiti      |                  | Verndun          | friðað        | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning                       |                |      |
| Ástand        | vel greinanlegar | Hættumat         | engin hætta   | Hættuorsök     |                                                    |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta      | Efni             | torf og grjót | Aldur frá      | 1500                                               | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |                  | Horfin           | nei           | Horfin ástæða  |                                                    |                |      |
| Lengd         | 13 m             | Breidd           | 7,5 m         | Hæð            |                                                    | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá | 0,4 m            | Veggjahæð til    | 0,6 m         | Breidd veggjar | 1,2 m                                              |                |      |
| Mæling        | Uppmæling        | Túnakort         | nei           | Verkefna nr MÍ | 3495                                               |                |      |
| Isnet E       | 415436           | Isnet N          | 383469        | Heimildir      | Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 82-83 |                |      |
| Minjagildi    | Nokkurt          | Umhverfi         | Upp á ás      |                |                                                    |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH              | Mótvægisáðgerðir |               |                |                                                    |                |      |




Tóftir [3495-804] og [3495-805] liggja hlið við hlið. Minjunum var lýst svo í fyrri skýrslu:

*Minjasvæðið samanstendur af tveimur tóftum, A og B. Það er 33 x 24 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Tóft A er vestar. Hún er 13 x 7,5 m að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er opin til suðvesturs og er torfhlaðin. Hæð veggja er 0,70 - 0,8 m að innan og 0,2 - 0,5 m að utan. Tóftin er tvískipt. Hólf I er sunnar. Það er langt og mjótt, 4,5 x 1,5 m að innanmáli. Hólf II er 3 x 3 m að innanmáli.*

|          |           |             |             |           |                              |              |     |
|----------|-----------|-------------|-------------|-----------|------------------------------|--------------|-----|
| Nr.      | 3495-805  | Bæjarnafn   | Sólbrekka   | Gömul nr. | ÁR-037:033b                  | Jarðatalsnr. | 37  |
| Svæði    | Fjárhúsás | Sveitafélag | Flóahreppur | Dagur     | 19.09.2025                   | Skráning     | HJH |
| Tegund   | tóft      | Hlutverk    | fjárhús     | Flokkur   | búsetuminjar                 |              |     |
| Sérheiti |           | Verndun     | friðað      | Verkefni  | Sólbrekka: Fornleifaskráning |              |     |

|               |              |                  |               |                |                                                    |                |      |
|---------------|--------------|------------------|---------------|----------------|----------------------------------------------------|----------------|------|
| Ástand        | greinanlegar | Hættumat         | engin hætta   | Hættuorsök     |                                                    |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta  | Efni             | torf og grjót | Aldur frá      | 1500                                               | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |              | Horfin           | nei           | Horfin ástæða  |                                                    |                |      |
| Lengd         | 21 m         | Breidd           | 12 m          | Hæð            |                                                    | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá | 0,4 m        | Veggjahæð til    | 1 m           | Breidd veggjar | 1,6 m                                              |                |      |
| Mæling        | Uppmæling    | Túnakort         | nei           | Verkefna nr MÍ | 3495                                               |                |      |
| Isnet E       | 415456       | Isnet N          | 383474        | Heimildir      | Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 82-83 |                |      |
| Minjagildi    | Nokkurt      | Umhverfi         | Upp á ás      |                |                                                    |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH          | Mótvægisáðgerðir |               |                |                                                    |                |      |



Tóftir [3495-804] og [3495-805] liggja hlið við hlið. Minjunum var lýst svo í fyrri skýrslu:

*Tóft B er 7 m austar. Hún er 21 x 12 m að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er opin til suðausturs og skiptist upp í fjögur hólf. Hólf I suðvestast. Það er 6 x 2 m að innanmáli og hæð veggja er 1 m að innan en 0,3 - 0,5 m að utan. Í suðaustur-enda hólfins má greina 2 umför af steinum í veggnum. Hólf II norðvestan 82 við hólf I. Það er 7 x 8 m að innanmáli og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Ógreinilegt op er frá hólfi II yfir í hólf III í norðaustur horni þess. Hólf III er austan við hólf II. Það er 4,5 x 2 m að innanmáli og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Opið er til suðurausturs frá hólfi III inn í hólf IV, það er suðaustar. Hólf IV er 6 x 5 m að stærð og hæð veggja er 0,3 - 0,4 m. Það er opið til suðausturs. Tóftin torfhláðin að hluta, hólf I var bæði torf- og grjóthláðið. Það er ástæða þess að veggirnir eru hærri en hinna hólfa. Gæti verið seinni tíma viðbygging við eldri fjárhús*




|               |               |                  |                             |                |                                                 |                |      |
|---------------|---------------|------------------|-----------------------------|----------------|-------------------------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-806      | Bæjarnafn        | Sólbrekka                   | Gömul nr.      | ÁR-037:035                                      | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         |               | Sveitafélag      | Flóahreppur                 | Dagur          | 19.09.2025                                      | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | gata          | Hlutverk         | leið                        | Flokkur        | samgönguminjar                                  |                |      |
| Sérheiti      |               | Verndun          | friðað                      | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning                    |                |      |
| Ástand        | greinanlegar  | Hættumat         |                             | Hættuorsök     |                                                 |                |      |
| Hætta tilefni | v. framkvæmda | Efni             | troðningur                  | Aldur frá      | 800                                             | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |               | Horfin           | nei                         | Horfin ástæða  |                                                 |                |      |
| Lengd         | 200 m         | Breidd           |                             | Hæð            |                                                 | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá |               | Veggjahæð til    |                             | Breidd veggjar |                                                 |                |      |
| Mæling        | Uppmæling     | Túnakort         | nei                         | Verkefna nr MÍ | 3495                                            |                |      |
| Isnet E       | 415561        | Isnet N          | 383631                      | Heimildir      | Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 83 |                |      |
| Minjagildi    | Lítið         | Umhverfi         | Við mýri                    |                |                                                 |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH           | Mótvægisáðgerðir | leiðin hefur verið mæld upp |                |                                                 |                |      |



Leiðinni var lýst svo í fyrri skýrslu:  
*Leið sést liggja austan undir náttúrulegum ás, hún liggur norðaustur-suðvestur. Leiðin sést einna best fyrir miðjum ásnum en fjarar út í mýri til beggja enda. Ekki er vitað hvert hún lá en hún er ekki sýnd á gömlum kortum. Stórbýfður mói þar sem vex mikill mosi og gras og smávegis kjarrgróður er austan í holtinu en það er 2-5 m á hæð. Mýrin er framræst og deiglend. Fjölmargir paldrar sjást austan við ásin, norðaustarlega í landi Hnauss, nærri landamerkjum við Bitru og Kampholt. Ekki er ljóst hvert leiðin lá en hún sést illa á loftmynd og fjarar út í mýri nyrst í landi Hnauss. Leiðin liggur eftir rima, á mörkum móa og mýra. Paldrarnir eru 10-15 talsins og liggja fast undir ásnum. Þær eru 10-20 m á breidd og greinilega fjölfarnar. Paldrarnir eru grónir en viðhaldið af lausagönguhrossum. Mögulega var þetta leið að Bitru en ekki er ljóst hvar var farið yfir Mókeldu sem er á hreppamörkum. Leiðina er hægt að rekja á um 200 m löngum kafla*

|               |              |                  |                  |                |                              |                |      |
|---------------|--------------|------------------|------------------|----------------|------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-807     | Bæjarnafn        | Sólbrekka        | Gömul nr.      | ekki skráð áður              | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         |              | Sveitafélag      | Flóahreppur      | Dagur          | 19.09.2025                   | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | gata         | Hlutverk         | leið             | Flokkur        | samgönguminjar               |                |      |
| Sérheiti      |              | Verndun          | friðað           | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning |                |      |
| Ástand        | greinanlegar | Hættumat         | engin hætta      | Hættuorsök     |                              |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta  | Efni             | troðningur       | Aldur frá      | 800                          | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |              | Horfin           | nei              | Horfin ástæða  |                              |                |      |
| Lengd         | 140 m        | Breidd           |                  | Hæð            |                              | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá |              | Veggjahæð til    |                  | Breidd veggjar |                              |                |      |
| Mæling        | Uppmæling    | Túnakort         | nei              | Verkefna nr MÍ | 3495                         |                |      |
| Isnet E       | 415574       | Isnet N          | 383957           | Heimildir      |                              |                |      |
| Minjagildi    | Lítið        | Umhverfi         | gras- og mólendi |                |                              |                |      |
| Ljósmyndari   |              | Mótvægisáðgerðir |                  |                |                              |                |      |



Leiðin er sýnileg á um 140 m kafla, hún liggur norður-suður. Ekki er ljóst hvert hún liggur og hún virðist hverfa á kafla. Mögulega er þetta framhald af leið [3495-806]. Leið [3495-807] mætir síðan leið [3495-808] á krossgötum.

|               |              |                  |                  |                |                              |                |      |
|---------------|--------------|------------------|------------------|----------------|------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-808     | Bæjarnafn        | Sólbrekka        | Gömul nr.      | ekki skráð áður              | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         |              | Sveitafélag      | Flóahreppur      | Dagur          | 19.09.2025                   | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | gata         | Hlutverk         | leið             | Flokkur        | samgönguminjar               |                |      |
| Sérheiti      |              | Verndun          | friðað           | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning |                |      |
| Ástand        | greinanlegar | Hættumat         | engin hætta      | Hættuorsök     |                              |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta  | Efni             | troðningur       | Aldur frá      | 800                          | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |              | Horfin           | nei              | Horfin ástæða  |                              |                |      |
| Lengd         | 300 m        | Breidd           |                  | Hæð            |                              | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá |              | Veggjahæð til    |                  | Breidd veggjar |                              |                |      |
| Mæling        | Uppmæling    | Túnakort         | nei              | Verkefna nr MÍ | 3495                         |                |      |
| Isnet E       | 415552       | Isnet N          | 383976           | Heimildir      |                              |                |      |
| Minjagildi    | Lítið        | Umhverfi         | gras- og mólendi |                |                              |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH          | Mótvægisaðgerðir |                  |                |                              |                |      |



Leið [3495-808] liggur frá miðju skráningarsvæðinu og til norðvesturs út af því og var ekki elt lengra. Mæld leið er um 300 metrar. Hún mætir leið [3495-807] á krossgötum. Ekki er ljóst hvert leið [3495-808] liggur, en hún er ekki sýnd á gömlum kortum.

|               |              |                  |                           |                |                              |                |      |
|---------------|--------------|------------------|---------------------------|----------------|------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-809     | Bæjarnafn        | Sólbrekka                 | Gömul nr.      | ekki skráð áður              | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         |              | Sveitafélag      | Flóahreppur               | Dagur          | 19.09.2025                   | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | gata         | Hlutverk         | leið                      | Flokkur        | samgönguminjar               |                |      |
| Sérheiti      |              | Verndun          | friðað                    | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning |                |      |
| Ástand        | greinanlegar | Hættumat         | engin hætta               | Hættuorsök     |                              |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta  | Efni             | troðningur                | Aldur frá      | 800                          | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |              | Horfin           | að hluta                  | Horfin ástæða  |                              |                |      |
| Lengd         | 140 m        | Breidd           |                           | Hæð            |                              | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá |              | Veggjahæð til    |                           | Breidd veggjar |                              |                |      |
| Mæling        | Uppmæling    | Túnakort         | nei                       | Verkefna nr MÍ | 3495                         |                |      |
| Isnet E       | 414789       | Isnet N          | 383622                    | Heimildir      |                              |                |      |
| Minjagildi    | Lítið        | Umhverfi         | Upp á ás, gras og mólendi |                |                              |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH          | Mótvægisáðgerðir |                           |                |                              |                |      |



Leiðin er rekjanleg upp á hæð sem þarna er. Hún er sýnilegust á um 140 m kafla en fjarar svo út; mögulega sameinast hún vegslóða sem þarna er. Ekki er ljóst hvert hún hefur legið en mögulega var þetta leiðin á milli Hnauss og Birtu.



|               |              |               |                  |                |                                                    |                |      |
|---------------|--------------|---------------|------------------|----------------|----------------------------------------------------|----------------|------|
| Nr.           | 3495-810     | Bæjarnafn     | Sólbrekka        | Gömul nr.      | ÁR-037:020                                         | Jarðatalsnr.   | 37   |
| Svæði         |              | Sveitafélag   | Flóahreppur      | Dagur          | 19.09.2025                                         | Skráning       | HJH  |
| Tegund        | heimild      | Hlutverk      | óþekkt           | Flokkur        | óskilgreint                                        |                |      |
| Sérheiti      |              | Verndun       | friðað           | Verkefni       | Sólbrekka: Fornleifaskráning                       |                |      |
| Ástand        | greinanlegar | Hættumat      | engin hætta      | Hættuorsök     |                                                    |                |      |
| Hætta tilefni | engin hætta  | Efni          |                  | Aldur frá      | 800                                                | Aldur til      | 1900 |
| Leid          |              | Horfin        | já               | Horfin ástæða  | óþekkt                                             |                |      |
| Lengd         |              | Breidd        |                  | Hæð            |                                                    | Hleðslu umferð |      |
| Veggjahæð frá |              | Veggjahæð til |                  | Breidd veggjar |                                                    |                |      |
| Mæling        |              | Túnakort      | nei              | Verkefna nr MÍ | 3495                                               |                |      |
| Isnet E       | 414593       | Isnet N       | 383742           | Heimildir      | Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2018, bls. 77-78 |                |      |
| Minjagildi    | Ekki metið   |               | Umhverfi         | Við Bitrulæk   |                                                    |                |      |
| Ljósmyndari   | HJH          |               | Mótvægisáðgerðir |                |                                                    |                |      |




Minjarnar fengu áður númerið ÁR-037:020. Í skýrslunni frá 2018 segir:


*Við yfirferð loftmyndar frá 1950 sem er í eigu Soffíu Sigurðardóttur, heimildamanns, sést hringlaga tóft um 50 m vestan við tóft 007 og rúmum 1,4 km norðan við bæ 001. Tóftin líkist fjárborg á loftmyndinni en sést ekki á yfirborði nú. Hún er nærri Gilvaði 078:014, við landamerki Bitru ÁR-078 og Neistastaða ÁR-035. Ekki er vitað af hverju tóftin sést ekki á yfirborði. Þarna er smá þurr blettur milli tveggja holta að austan og vestan. Svæðið við Mókeldu, sem er á hreppamörkum, er blautt og landið sígur þar niður. Tóftin var 77 í viki til suðurs en gæti hafa orðið undir sigi úr holtsbrúninni. Þar er búið að plata öspum í þyrpingu. Engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.*

Staðurinn var skoðaður aftur og engin ummerki um fornleifar fundust heldur núna.









Mörk dellskipulagssvæðis

3495-803

3495-804

3495-805

0 7.5 15 m






3495-804



3495-805







3495-803

